ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 3

32. árgangur

23.1.2025

| | | | |
|---|---|---|---|
| | I | **EES-STOFNANIR** | |
| | 1. | **Sameiginlega EES-nefndin** | |
| | II | **EFTA-STOFNANIR** | |
| | 1. | **Fastanefnd EFTA-ríkjanna** | |
| | 2. | **Eftirlitsstofnun EFTA** | |
| | 3. | **EFTA-dómstóllinn** | |
| **2025/EES/3/01** | | Mál höfðað 26. nóvember 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (mál E-30/24) | 1 |
| | III | **ESB-STOFNANIR** | |
| | 1. | **Framkvæmdastjórnin** | |
| **2025/EES/3/02** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11575 – REPSOL/BUNGE/BISA) | 2 |
| **2025/EES/3/03** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11592 – ROQUETTE/IFF PHARMA SOLUTIONS BUSINESS) | 3 |
| **2025/EES/3/04** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11715 – ALSO/WESTCOAST UK IRELAND FRANCE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 4 |
| **2025/EES/3/05** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11795 – YUNEX/VVP/ASCENDI/TRIANGLE JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 5 |
| **2025/EES/3/06** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11797 – ATLAS/REHAU AUTOMOTIVE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 6 |
| **2025/EES/3/07** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11827 – LDC/VITERRA ASSETS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 7 |
| **2025/EES/3/08** | | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11865 – NISSAN/MITSUBISHI/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 8 |

| | | |
|---|---|---|
| **2025/EES/3/09** | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11866 – KREFELD/ICG/GROUPE CLIMATER) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 9 |
| **2025/EES/3/10** | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11877 – PGGM/INVESIS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 10 |
| **2025/EES/3/11** | Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11882 – STELLANTIS/BBVA/FCA FC) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 11 |
| **2025/EES/3/12** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11246 – ROLEX/BUCHERER) | 12 |
| **2025/EES/3/13** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11643 – STRABAG/HFPS/SRK) | 12 |
| **2025/EES/3/14** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11711 – JWL/ASIA PULP & PAPER GROUP) | 13 |
| **2025/EES/3/15** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11762 – OMV/ADAMANT/ADAMANT ECODEV) | 13 |
| **2025/EES/3/16** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11774 – VISTA/BLACKSTONE/SMARTSHEET) | 14 |
| **2025/EES/3/17** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11779 – OAKTREE/APOLLO) | 14 |
| **2025/EES/3/18** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11790 – STRABAG/BECKER/WRG KG) | 15 |
| **2025/EES/3/19** | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11810 – ADRILL/ADH/DEEP WELL SERVICES) | 15 |
| **2025/EES/3/20** | Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við | 16 |

# EFTA-STOFNANIR

## EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Mál höfðað 26. nóvember 2024 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi** **2025/EES/3/01**

**(mál E-30/24)**

Hinn 26. nóvember 2024 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Claire Simpson, Melpo-Menie Joséphidès og Sigurbjörn Bernharð Edvardsson, fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA, Avenue des Arts 19H, B-1000 Brussel, Belgíu.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. **Dómstóllinn lýsi því yfir að Ísland hafi, með því að fella ekki úr gildi stjórnsýsluvenju sem kemur í veg fyrir flutning á verðgildi starfstengds lífeyris sem áunninn er á Íslandi til lífeyriskerfis stofnana Evrópusambandsins, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 1. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og/eða samkvæmt 28. gr. EES-samningsins.**

2. **Ísland greiði málskostnað.**

*Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök lögð fram til stuðnings:*

- Eftirlitsstofnun EFTA fer með þessari stefnu fram á að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 (reglugerðinni) og/eða samkvæmt 28. gr. EES-samningsins með því að fella ekki úr gildi stjórnsýsluvenju sem kemur í veg fyrir flutning á verðgildi starfstengds lífeyris sem áunninn er á Íslandi til lífeyriskerfis stofnana Evrópusambandsins.

- Í stefnunni kemur fram að Ísland neitar, samkvæmt samræmdri stjórnsýsluvenju, að heimila starfsmönnum Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins (EASA) að flytja verðgildi starfstengds lífeyris sem þeir hafa áunnið sér á Íslandi til lífeyriskerfis stofnana Evrópusambandsins. Samkvæmt stefnunni er óumdeilt að Ísland neitar að leyfa slíka flutninga.

- Hinn 24. júní 2019 barst Eftirlitsstofnun EFTA kvörtun frá íslenskum ríkisborgara um að íslensk stjórnvöld hefðu neitað að flytja starfstengd lífeyrisréttindi hans frá Íslandi til lífeyriskerfis stofnana Evrópusambandsins.

- Í kjölfar frekari bréfaskipta milli Eftirlitstofnunar EFTA og Íslands, var formlegt áminningarbréf sent til Íslands hinn 10. febrúar 2021, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 29. gr. reglugerðarinnar og/eða 28. gr. EES-samningsins.

- Í svari sínu frá 23. júní 2021 héldu íslensk stjórnvöld því fram að í 29. gr. reglugerðarinnar væri þess ekki krafist að Ísland heimilaði flutning áunninna lífeyrisréttinda til lífeyriskerfis stofnana Evrópusambandsins. Neitunin um að heimila þennan flutning væri heldur ekki takmörkun samkvæmt 28. gr. EES-samningsins.

- Eftirlitsstofnunin sendi rökstutt álit hinn 15. mars 2023 þar sem þess var krafist að Ísland gerði nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að rökstudda álitinu innan tveggja mánaða frá móttöku þess, þ.e. fyrir 15. maí 2023.

- Ísland svaraði 15. maí 2023 og hélt þeirri afstöðu sinni að það hefði hvorki brotið gegn 29. gr. reglugerðarinnar né 28. gr. EES-samningsins.

- Eftirlitsstofnun EFTA ákvað því að leggja stefnuna fyrir dómstólinn.

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/02**

**(mál M.11575 – REPSOL/BUNGE/BISA)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. janúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Repsol Industrial Transformation, S.L.U. („Repsol“, Spáni)

   – Bunge Global S.A. („Bunge“, Bandaríkjunum)

   – Bunge Ibérica, S.A. („BISA“), sem lýtur sem stendur yfirráðum Bunge

   Repsol og Bunge öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir BISA.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Repsol er alþjóðlegt samþætt orkufyrirtæki sem starfar í olíu-, gas- og raforkuiðnaði. Rekstur Repsol felur einnig í sér skiptingu fyrir endurnýjanlega orku, þ.m.t. endurnýjanlegt eldsneyti.

   – Bunge er landbúnaðar- og matvælafyrirtæki sem er skráð er í kauphöllinni í New York. Bunge starfar einkum við sölu á olíufrækökum og olíum sem og öðrum jurtaolíum. Bunge selur einnig korn, m.a. maís, hveiti, bygg og malaðar vörur, s.s. hveitimjöl, auk þess að selja óunnin olíufræ og aðrar vörur.

   – BISA rekur þrjár olíufræmulningsverksmiðjur á Spáni og starfar aðallega við vinnslu og framleiðslu, dreifingu og afhendingu á olíu, fitu og próteinum úr jurtaríkinu. BISA framleiðir einnig lífdísilolíu og skyldar aukaafurðir.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 24.1.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11575 – REPSOL/BUNGE/BISA

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/03**

**(mál M.11592 – ROQUETTE/IFF PHARMA SOLUTIONS BUSINESS)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. janúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. og í kjölfar vísunar máls skv. 5. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Roquette Frères S.A. („Roquette", Frakklandi)

   – Viðskipti með lyfjafræðilausnirnar og nokkrar vörulínur á sviði viðskipta með næringu (andlag viðskiptanna, „Target Business") International Flavors and Fragances Inc. („IFF", Bandaríkjunum)

   Roquette nær yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir andlagi viðskiptanna, (Target Business) frá IFF.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Roquette starfar við framleiðslu og sölu á innihaldsefnum, hjálparefnum og plöntupróteinum úr plöntum til ýmissa nota.

   – Andlag viðskiptanna (Target Business) leggur megináherslu á framleiðslu og sölu á ýmsum sellulósum og öðrum tegundum lyfjahjálparefna úr jurtaríkinu.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 23.1.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11592 – ROQUETTE/IFF PHARMA SOLUTIONS BUSINESS

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin").

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/04**

**(mál M.11715 – ALSO/WESTCOAST UK IRELAND FRANCE)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. janúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – ALSO Holding AG („ALSO", Sviss), sem endanlega lýtur yfirráðum Droege Group AG (Þýskalandi)

   – Westcoast Holdco Limited („Westcoast Holdco", Bretlandi) og dótturfyrirtækin Clarity Computer (Distribution) Limited t/a Westcoast Ireland (Írlandi), STL Holdco Limited (Bretlandi), Westcoast France SAS (Frakklandi), Westcoast Limited (Bretlandi) og Spire Technology Limited (Bretlandi) (sem kallast einu nafni „Westcoast Target"). Westcoast Holdco er eignarhaldsfélag Westcoast samstæðunnar og að lokum stjórnað af hr. Graham Chambers, hr. Muham Amin Hemani og hr. Leon Hemani.

   ALSO nær yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Westcoast Target.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – ALSO starfar í Evrópu við heildsölu á vörum á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni, rafeindatækni fyrir neytendur, prentunar á rekstrarvörum og tengdri þjónustu og í takmörkuðum mæli við smásölu á upplýsinga- og fjarskipta-tæknivörum og rafeindatækni fyrir neytendur.

   – Westcoast Target starfar við heildsöludreifingu á hug- og vélbúnaðarvörum í upplýsingatækni. Einkum markaðssetur Westcoast Target, selur og dreifir persónulegum tölvubúnaði, símum, netþjónum, geymslu- og netbúnaði, prentbúnaði, sem og hljóð- og myndbúnaði og tengdum aukabúnaði til endursöluaðila og smásala. Westcoast Target starfar einkum í Evrópu, sérstaklega í Bretlandi, Frakklandi og á Írlandi.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 21.1.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11715 – ALSO/WESTCOAST UK IRELAND FRANCE

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin").

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/05**

**(mál M.11795 – YUNEX/VVP/ASCENDI/TRIANGLE JV)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. janúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Yunex GmbH („Yunex“, Þýskalandi), sem lýtur yfirráðum Edizione S.A. (Ítalíu)

   – Via Verde Portugal – Gestão de Sistemas Electrónicos de Cobrança, S.A. („VVP“, Portúgal), sem lýtur yfirráðum Brisa-Autoestradas de Portugal („Brisa“, Portúgal) og Ascendi O&M, S.A. („Ascendi“, Portúgal)

   – Ascendi (Portúgal) sem tilheyrir Ardian Group („Ardian“, Frakklandi)

   Yunex, VVP og Ascendi ná sameiginlegum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, Triangle JV (Niðurlöndum).

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Yunex: sem lýtur endanlega yfirráðum Edizione, þróar ný hreyfanleg vistkerfi og þjónustu fyrir snjalllausnir fyrir borgir.

   – VVP: Samstarfsverkefni Brisa og Ascendi, rekur rafræn innheimtukerfi fyrir vegatolla sem notuð eru í Portúgal. Það rekur einnig Blankenburg tollleiðina í Hollandi.

   – Ascendi, sem endanlega lýtur yfirráðum Ardian, nýtir vegatollsvegi í Portúgal og er auk þess virkt í rekstri og viðhaldi vega, snjöllum samgöngukerfum og viðbótarviðhaldsstjórnun. Ascendi hefur enga starfsemi í Niðurlöndum sem stendur.

3. Starfsemi Triangle JV verður sem hér segir: að veita þjónustu í tengslum við tilboð vegna innleiðingar vörugjalds á öllum þjóðvegum og tilteknum svæðisbundnum hraðbrautum í Niðurlöndum. Einkum mun Triangle JV sjá um búnað fyrir notendur/eigendur vörubifreiða og tryggja rétta skráningu á hreyfingu vörubifreiða og innheimtu gjalda. Triangle JV mun bera ábyrgð á greiðslu gjalda til innheimtumanns vegatolls (Vegasamgöngustofnun, fyrir hönd ráðherra innviða og vatnsstjórnunar) og tryggja alla tengda þjónustu við viðskiptavini með því að bjóða upp á sérstaka bakvakt og samskiptamiðstöð fyrir viðskiptavini. Triangle JV mun ekki starfa við uppbyggingu hraðbrauta og vegakerfa.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]) um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 22.1.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11795 – YUNEX/VVP/ASCENDI/TRIANGLE JV

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

(1) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).
(2) Stjtíð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/06**

**(mál M.11797 – ATLAS/REHAU AUTOMOTIVE)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. janúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Atlas FRM LLC („Atlas“, Bandaríkjunum)

   – Rehau Management SE (Þýskaland), Rehau Montage und Logistik Center GmbH (Þýskaland), Rehau Automotive Kft (Ungverjalandi), Rehau Polymer Industrie GmbH (Austurríki), Rehau s.r.o (Slóvakíu), Rehau Automotive s.r.o (Tékklandi), Rehau Polymer (Pty) ltd (Suður-Afríku), Rehau Enterprise SARL (Frakklandi), Pro-X Automotive AG (Sviss) og Rehau Automotive LLC (Bandaríkjunum) (einu nafni „Rehau Automotive“), sem lýtur sem stendur yfirráðum Rehau Verwaltungszentrale AG (Sviss) sem og tiltekinna fasteigna.

   Atlas öðlast yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Rehau Automotive og tilteknum fasteignum í heild.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum og eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Atlas er fjárfestingarfyrirtæki sem á og rekur fjölbreyttan hóp verkvangsfyrirtækja sem stunda margs konar iðnað, þar á meðal á sviði málma, víra, kapla og bifreiða.

   – Rehau Automotive er birgir bifreiðaíhluta, þar á meðal sérstaklega stuðara sem eru byggðir á fjölliðum.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]) um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 20.1.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11797 – ATLAS/REHAU AUTOMOTIVE

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/07**

**(mál M.11827 – LDC/VITERRA ASSETS)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. janúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Louis Dreyfus Company Suisse S.A. („LDC“, Sviss), sem lýtur yfirráðum Louis Dreyfus Company B.V. (Niðurlöndum)

   – nokkur hollensk, ungversk og pólsk dótturfélög („Viterra Assets“) í Viterra Limited (Niðurlöndum)

   LDC nær fullum yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Viterra Assets.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – LDC starfar sem viðskiptamaður og vinnsluaðili landbúnaðarvara með starfsemi sem spannar alla virðiskeðjuna (framleiðslu, uppruna, vinnslu, geymslu, flutning og varningssölu).

   – Viterra Assets beinast að uppruna, viðskiptum og vinnslu landbúnaðarafurða (einkum repju- og sólblómafræja) aðallega í Póllandi og Ungverjalandi.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]) um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 22.1.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11827 – LDC/VITERRA ASSETS

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/08**

**(mál M.11865 – NISSAN/MITSUBISHI/JV)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. janúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Nissan Motor Co. Ltd. („Nissan“, Japan)

   – Mitsubishi Corporation („Mitsubishi“, Japan)

   – Nýstofnað sameiginlegt fyrirtæki („NewCo“, Japan)

   Nissan og Mitsubishi öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir NewCo.

   Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Nissan er fjölþjóðlegt hlutabréfafyrirtæki sem starfar einkum við framleiðslu og sölu á bifreiðum.

   – Mitsubishi er verslunarfélag sem starfar um allan heim á fjölbreyttum sviðum, s.s. á sviði hreyfanleika, orku, málma, vélbúnaðar, íðefna, matvæla og almennra vara.

3. Starfsemi NewCo verður sem hér segir: NewCo mun starfa við að veita hreyfanlega þjónustu og orkutengda þjónustu með rafknúnum ökutækjum í Japan.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]) um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 23.1.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11865 – NISSAN/MITSUBISHI/JV

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/09**

**(mál M.11866 – KREFELD/ICG/GROUPE CLIMATER)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. janúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Krefeld SAS („Krefeld“, Frakklandi)

   – Intermediate Capital Group plc („IGC“, Bretlandi), almenningshlutafélag

   – Climater HoldCo SAS („Groupe Climater“, Frakklandi), sem lýtur sem stendur yfirráðum Cobepa SA.

   Krefeld og IGC öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Groupe Climater.

   Samruninn á sér stað með kaupum á verðbréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Krefeld, er nýlega stofnað franskt fjárfestingarfyrirtæki með höfuðstöðvar í París, Frakklandi. Í eignasafni Krefeld er Anjac Health and Beauty sem annast fegurðarmeðferðir.

   – ICG stýrir sérhæfðum eignum á heimsvísu sem starfa í skipulögðum hlutabréfum og einkahlutafélögum, einkaskuldum, raunverulegum eignum og lánsfé með aðsetur í Bretlandi og með viðveru í Evrópu, á Asíu-Kyrrahafssvæðinu og í Bandaríkjunum.

   – Group Climater er franskt fyrirtæki með höfuðstöðvar í Toulouse í Frakklandi sem sér um upphitun, loftræstingu og loftkælingu og rafmagnsverkfræði og pípulagnir. Það hannar, byggir, viðheldur og rekur slíkar stöðvar í iðnaði, heilbrigðisþjónustu, húsnæði, smásölu, skrifstofum og á sviði opinberrar aðstöðu. Climater hefur starfsemi í Frakklandi, Sviss og Kanada.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]) um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 20.1.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11866 – KREFELD/ICG/GROUPE CLIMATER

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

---

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

([2]) Stjtíð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/10**

**(mál M.11877 – PGGM/INVESIS)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. janúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – PGGM Vermogensbeheer B.V. („PGGM“, Niðurlöndum), sem lýtur yfirráðum PGGM Coöperatie U.A. (Niðurlöndum)

   – Invesis Group B.V. („Invesis“, Niðurlöndum), sem lýtur yfirráðum Koninklijke BAM Groep N.V. (Niðurlöndum) og PGGM

   PGGM öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Invesis í heild.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – PGGM er hollenskur stjórnandi lífeyrissjóðs. Það lýtur endanlega yfirráðum PGGM COÖPERATIE U.A., hollenskrar samvinnustofnunar þar sem félagsmenn eru fulltrúar samtaka vinnuveitenda, stéttarfélaga, vinnuveitenda, verkafólks og lífeyrisþega á sviði heilbrigðis- og velferðarmála. PGGM starfar á heimsvísu.

   – Invesis er hollenskur fjárfestir í innviðaverkefnum ásamt því að þróa þau. Verkefni þess beinast að samstarfi opinberra aðila og einkaaðila (PPP) og spanna allt frá vegum, járnbrautum, vatns- og sjávarvirkjunum, göngum og brúm, skólum og opinberum byggingum. Fyrirtækið starfar einkum í Niðurlöndum, Bretlandi, Þýskalandi, Belgíu og á Írlandi, auk þess að hafa takmarkaða starfsemi utan EES-svæðisins.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]) um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 23.1.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11877 – PGGM/INVESIS

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

(1) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).
(2) Stjtíð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/11**

**(mál M.11882 – STELLANTIS/BBVA/FCA FC)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. janúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]).

   Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

   – Stellantis Financial Services Europe („SFSE“) (Frakklandi), sem tilheyrir Stellantis N.V. group („Stellantis Group“) (Niðurlöndum)

   – Banco Bilbao Vizcaya Argentaria („BBVA“) (Spáni)

   – FCA Compania Financiera S.A. („FCA FC“) (Argentínu)

   BBVA og SFSE öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir FCA FC.

   Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – SFSE býður upp á fjármögnunarlausnir, vátryggingarvörur og lausnir fyrir hreyfanleika í gegnum dótturfyrirtæki sín og/eða fyrirtæki sem eru í jafnri eigu fyrir öll vörumerki Stellantis. SFSE er hluti af Stellantis Group.

   – BBVA er móðurfélag BBVA Group, alþjóðlegs starfandi fjármálafyrirtækis með höfuðstöðvar í Bilbao og Madríd á Spáni. BBVA býður aðallega upp á bankaþjónustu og starfar einnig á sviði eignastýringar og vátryggingaþjónustu. Burtséð frá heimamarkaði sínum á Spáni, hefur BBVA sterka viðveru í Ameríkuríkjum (Bandaríkjunum, Mexíkó og Suður-Ameríku) og Tyrklandi.

   – FCA FC er sameiginlegt fyrirtæki, sem nú er í eigu FCA Automobiles Argentina S.A. og Fidis SpA, sem bæði eru hluti af Stellantis Group. FCA FC býður eins og er upp á fjármálaþjónustu fyrir tilteknar bifreiðar undir merkjum Stellantis í Argentínu (Fiat, Jeep og Ram).

3. Starfsemi fyrirtækisins FCA FC er sem hér segir: að veita fjármálaþjónustu fyrir tilteknar bifreiðar undir merkjum Stellantis í Argentínu (Fiat, Jeep og Ram).

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

   Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]) um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 21.1.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

   M.11882 – STELLANTIS/BBVA/FCA FC

   Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

   Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

   Póstáritun:
   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   1049 Bruxelles/Brussel

---

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).
([2]) Stjtíð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/12**

**(mál M.11246 – ROLEX/BUCHERER)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. júlí 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32024M11246. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/13**

**(mál M.11643 – STRABAG/HFPS/SRK)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 12. desember 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32024M11643. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

---

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/14**

**(mál M.11711 – JWL/ASIA PULP & PAPER GROUP)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. desember 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32024M11711. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/15**

**(mál M.11762 – OMV/ADAMANT/ADAMANT ECODEV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. janúar 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32025M11762. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja 2025/EES/3/16**

**(mál M.11774 – VISTA/BLACKSTONE/SMARTSHEET)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. janúar 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32025M11774. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja 2025/EES/3/17**

**(mál M.11779 – OAKTREE/APOLLO)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. desember 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32024M11779. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/18**

**(mál M.11790 – STRABAG/BECKER/WRG KG)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. janúar 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32025M11790. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja** **2025/EES/3/19**

**(mál M.11810 – ADRILL/ADH/DEEP WELL SERVICES)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. janúar 2025 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]). Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

– Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.

– Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm) undir skjalnúmeri 32025M11810. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætir nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

**Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins** **2025/EES/3/20**

**Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við**

| Málsnúmer | Aðildarríki | Landsvæði | Heiti aðstoðarkerfis (og/eða heiti aðstoðarþega) | Tilvísun birtingar í Stjtíð. ESB |
|---|---|---|---|---|
| SA.115080 | Spánn | | RRF: Prolongation and amendment of the aid scheme SA.62985 'RRF: Aid scheme promoting intermodality in rail freight transport' | C/2025/305, 13.01.2025 |
| SA.115081 | Spánn | | RRF: Prolongation and amendment of the aid scheme SA.62983 'RRF Spain: Aid scheme to remove barriers to interoperability in rail freight transport in Spain' | C/2025/306, 13.01.2025 |
| SA.115153 | Spánn | | RRF: Prolongation and amendment of the aid scheme SA.62986 'RRF: Intelligent Transportation Services (ITS) for the road sector and other services related to road safety and maintenance' | C/2025/307, 13.01.2025 |
| SA.114713 | Niðurland | | Closure Scheme for Livestock Farming site in Smaller Sectors | C/2025/351, 16.01.2025 |
| SA.107009 | Svíþjóð | | Swedish biogenic CCS auction | C/2025/353, 16.01.2025 |
| SA.107041 | Frakkland | France | Régime notifié relatif aux aides en faveur de la cohésion numérique des territoires | C/2025/355, 16.01.2025 |
| SA.113458 | Pólland | Miasto Warszawa | Pomoc dla Muzeum Historii Polski w Warszawie | C/2025/411, 15.01.2025 |

Gildan texta þessara ákvarðana, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á: https://competition-cases.ec.europa.eu/search?caseInstrument=SA